

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 264 31. desember 1971 um raforkuvirki.

1. gr.

Á eftir 5. tölulið f stafliðar í § 278 kemur nýr stafliður svohljóðandi:

g) Vatnshitunartæki með rafhitun.

Eftirfarandi reglur gilda um rafhituð vatnshitunartæki, svo sem neysluvatnsgeyma, safnhitageyma, rafhitaða miðstöðvarkatla og fleira. Reglurnar eiga við vatnshitatæki, hvort sem þau eru framleidd sem heild eða í hlutum og sett saman á notkunarstað. Um tæki, sem viðurkenningarskyld eru skv. § 701—713, gilda jafnframt þær reglur, sem Raffangaprófunin viðurkennir, eftir því sem við á.

1. Vatnshitunartæki með rafhitun skulu hafa eftirtalinn öryggis- og stillibúnað:

1.1 Rekstrarhitastilli, sem rýfur straum af hitara, þegar ástilltu rekstrarhitastigi er náð.

1.2 Yfirhitavar, sem rýfur straum af hitaranum, fari hitastig vatnsins yfir leyfilegt hámark. Yfirhitavar skal vera þannig, að hitun hefjist ekki sjálfvirk á ný heldur þurfi til þess handinnsetningu. Yfirhitavarið skal að jafnaði sett ofarlega í geymi sem næst vatnsúttaki. Sé yfirhitavar búíð fjarstýribúnaði (rafmagn, loft o. þ. h.) skal svo frá gengið, að hitunin stöðvist sjálfkrafa, ef straumur fer af fjarstýribúnaðinum. Rekstrarhitastillar og yfirhitavör skulu rjúfa snögg, svo að rof sé öruggt.

Rafmagnseftirlitið getur samþykkt opna neysluvatnsgeyma án yfirhitavars, enda sé útloftun þeirra fullnægjandi og varanlegt viðvörunarspjald á tækinu, pípu eða á áberandi stað, er bendi á, að útloftun eða yfirfallspípu megi ekki loka.

2. Sé aðalstraumrás hitara stjórnað með segulrofum, sem rekstrarhitastillar og/eða yfirhitavar verka á skal málstraumur þeirra vera minnst 20% meiri en svarar til afls hlutaðeigandi hitara.

3. Þegar um er að ræða rafhitaðan ketil í lokuðu miðstöðvarkerfi eða safnhitageymi (t. d. svonefnda næturhitun) skulu straumrásir að hiturum vera rjúfanlegar með a. m. k. tveim raðtengdum rofum, sem hafa tryggja verkun, ef hitastig vatnsins fer yfir leyfilegt mörk.

Til þess að fullnægja þessu eru m. a. eftirfarandi lausnir viðurkenndar:

3.1 Aflrofi og segulrofar raðtengdir.

3.11 Aflrofinn skal tengdur framan við segulrofa. Hann skal rjúfa aðalstraumrás hitara og stýrirás segulrofa og hafa málstraum eigi minni en málstraum hitara. Aflrofi skal búinn útleysibúnaði, sem þannig er tengdur yfirhitavari, að rofinn falli út, ef varið rýfur stýrirásina. Sé aflrofinn búinn yfirstraums- og skammhlaupsvörn, getur hann komið í stað vara eða sjálfvirkra vara fyrir hitara, enda sé skammhlaupsrofgeta hans eigi minni en krafist er um rofgetu tilsvareandi vara (sjá Sk 278—1).

3.2 Aðalsegulrofi raðtengdur við segulrofa hitara.

Aðalsegulrofa skal aðeins stjórnað af yfirhitavörum eða öðrum varnarbúnaði t. d. þrýstirofum og einnig má vera í rásinni handstýrður. Öryggisrofi. Önnur stjórn tæki vegna rekstrar kerfisins skulu ekki vera í þeirri rás.

Aðalsegulrofi skal rjúfa aðalstraumrás hitara og stýrirásir segulrofa einstakra hitara. Yfirhitavar í stjórnrás aðalsegulrofans skal vera þannig, að straumur komi ekki sjálfvirk á aftur heldur þurfi til þess handinnsetningu (sjá Sk 278—2).

4. Vörn gegn brunahættu.

4.1 Heitavatnsgeymar skulu vera í öruggri fjarlægð frá brennanlegum byggingarhlutum.

Fjarlægð þessi skal a. m. k. vera:

4 cm við geyma allt að 100 l að rúmtaki, 8 cm við geyma yfir 100 l að rúmtaki (sjá Sk 278—3).

4.2 Sé ekki hægt að ná ofangreindum fjarlægðum, skulu hinir brennanlegu byggingarhlutar eða aðrir hlutar klæddir óbrennanlegu hitaeinangrandi efni.

Fjarlægðin milli geymis og þeirrar klæðningar verður að vera a. m. k. 1 cm.

4.3 Sé heitavatnsgeymir umlukinn brennanlegum byggingarhlutum á allar hliðar skal séð fyrir fullnægjandi loftrás gegnum þar til æfluð loftrásiop.

5. Rafmagnsvatnshitunartæki, rafbúnaður þeirra og innbvrðis lagnir skulu að öðru leyti fullnægja gildandi ákvæðum þessarar reglugerðar.

6. Sé vatnshitunarkerfi viðurkenningarskytt af Öryggiseftirliti ríkisins, er óheimilt að taka í notkun nýtt kerfi, nema fyrir liggji notkunarleyfi þess.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. apríl 1978.

Gunnar Thoroddsen.

Gisli Einarsson.

27. apríl 1978.

Nr. 179.

AUGLÝSING

um skipulag í Nauteyrarhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964. ákveðið að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 nái til Nauteyrarhrepis í Norður-Ísafjarðarsýslu að undanskýldum nauðsynlegum byggingaframkvæmdum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. apríl 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

9. maí 1978.

Nr. 180.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum, eða lækni, er í hans stað kann að koma, samkvæmt samningum hlutaðeigandi samlags kr. 250.00 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 500.00 fyrir hverja vitjun lækni til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.